

## Ávarp rektors HÍ, Jóns Atla Benediktssonar, á samráðsfundi með skólameisturum framhaldsskólanna, 6. maí 2024

Kæru tilheyrendur. Ég býð ykkur öll nær og fjær innilega velkomin til þessa samráðsfundar Háskóla Íslands og Skólameistarafélags Íslands. Þessir árvissu fundir, þar sem við bjóðum fulltrúum framhaldsskólanna til samtals og berum saman bækur okkar, eru okkur ávallt bæði ánægjulegir og gagnlegir. Þeir gefa okkur tækifæri til að styrkja tengslin milli skólastiga, fara yfir mál sem eru sameiginleg og varða nemendahópa okkar beggja.

Samráðið hefur haft áhrif á ýmsar ákvárdanir okkar og útfærslur verkefna við HÍ. Ekki er síður mikilvægt fyrir okkur að fá þetta tækifæri til að heyra í skólastjórnendum framhaldsskólanna um það sem einkum brennur á þeim.

Ég ætla hér að fara yfir nokkrar af helstu áherslum okkar, svo og mál sem hafa verið ofarlega á baugi í starfi okkar við Háskólann að undanförnu.

- **Háskóli Íslands er langstærsti háskóli landsins**, þar sem leggjum metnað í kennslu og rannsóknir sem standast samanburð á alþjóðlega vísu. Viðfangsefni okkar spanna flest þau svið sem háskólastarf fæst við, nemendum okkar stendur því til boða **fjölbreytt úrval náms** og að byggja þannig á og fylgja eftir þeim áhuga sem kvíknað hefur í framhaldsskóla.
- **Það geta verið mikil viðbrigði fyrir nemendur** að koma úr framhaldsskóla, úr kunnuglegu umhverfi náms og félagslífs undanfarinna ára, og stíga fyrstu skrefin í háskóla. Það getur verið erfitt að fóta sig í nýju umhverfi – mörgum nemendum tekst það ágætlega en hin eru þó óþarflega mörg sem eiga erfitt með að ná fótfestu í upphafi, kunna að missa tökin á náminu og heltast úr lestinni þegar frá líður. Brottfall nemenda snertir ekki aðeins þá sjálfa, heldur er það líka missir Háskólans. Þess vegna leggjum við mikla áherslu á að styðja við nemendur með ýmsum hætti og á öllum stigum námsins. Á undanförnum árum hafa deildir og kennrarar víða innan Háskólans byggt upp stuðningsnámskeið og í boði eru fjölmörg stuðningsúrræði sem Háskólinn býður nemendum upp á allt frá fyrsta degi.
- Akademískt starf, rétt eins og atvinnulíf og aðrir þættir samfélagsins, **verður sifellt alþjóðlegra** – og á það við öll svið starfsemi okkar. Þessu kynnast nemendur okkar fljótlega í námi sínu og störfum hjá okkur. Háskóli Íslands tekur þátt í margvíslegu samstarfi sem opnar nemendum og starfsfólki ný tækifæri á alþjóðlegum vettvangi. Strax í grunnnámi býðst nemendum að sækja skiptinám við viðurkennda erlenda háskóla, gjarnan í eitt eða tvö misseri, og koma svo aftur heim og ljúka náminu án þess að töf hafi orðið á námsframvindunni. Dæmi um erlent samstarf er þátttaka Háskólans í hinu alþjóðlega Aurora samstarfsneti háskóla, sem stuðlar enn frekar að alþjóðlegu samstarfi og verkefnum, t.d. þróun sameiginlegra námskeiða og námsleiða milli háskóla í mismunandi löndum.

- **Samstarf milli háskóla um kennslu fer ekki aðeins vaxandi milli landa, heldur einnig innanlands.** Ráðuneyti háskólamála hefur undanfarið hvatt til og fjármagnað margvíslegt samstarf sem miðar að samstarfi háskóla innanlands og Háskóli Íslands hefur tekið virkan þátt í slíkum verkefnum. Á sama hátt og Aurora samstarfið þróar sameiginleg námskeið og námsleiðir milli háskóla í mismunandi löndum, þá eru fjölmög tækifæri til að þróa samstarf í kennslu og námsframboði milli háskóla hér innanlands. Sem dæmi má nefna sameiginlega námsleið Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri í hjúkrunarfræði, sem starfrækt hefur verið undanfarið.
- Víða um heim er vaxandi eftirspurn eftir styttra námi, námi sem er sveigjanlegt og auðvelt er að aðhæfa að sérhæfðum viðfangsefnum. Erlendis hefur slíkt nám víða verið tekið upp undir heitinu „microcredentials“, og hefur hérlandis verið þýtt sem „örnám“. **Örnám telst ekki til hefðbundinna námsleiða, en það er stutt og sveigjanlegt nám sem raða má saman inn í námsleiðir** og gefur þannig aukna kosti og fjölbreytni í námsframboði. Með nýlegri lagabreytingu var háskólum hérlandis heimilað að bjóða örnám og stendur undirbúningur að því núna yfir hjá Háskóla Íslands.
- Á nýlegu háskólapingi var m.a. fjallað um **áhrif gervigreindar á nám og kennslu**. Þróun gervigreindar fleygir fram um þessar mundir og nú þegar nýta nemendur, jafnt sem kennrar og aðrir, þessa tækni í verkefnum sínum. Það er ljóst að notkun gervigreindar mun fara vaxandi og á háskólapinginu voru flutt erindi og fram fóru umræður um hvernig skolasamfélagið getur nýtt sér gervigreind til gagns og hvernig komast megi hjá misnotkun hennar í skólastarfi.
- Um þessar mundir eru nemendur að ljúka námi frá framhaldsskólunum og margin að huga að umsóknum í háskólanám, en umsóknarfrestur fyrir grunninn er 5. júní nk. Nemendum gefst kostur á að kynna sér námsframboð á vefsíðum háskólanna og þannig býður Háskóli Íslands væntanlegum nemendum að kynna sér námsframboð og sækja um nám á vefsíðu HÍ eins og verið hefur.
- Við höfum undanfarin ár leitað til ykkar skólameistaranna um samstarf um viðurkenningar sem skólinn veitir árlega.  
Annars vegar er það **Afreks- og hvatningarsjóður stúdenta Háskóla Íslands** en hann veitir framhaldsskólanemum sem ná afburðaárangri á stúdentsprófi og innritast í Háskóla Íslands styrk að upphæð 375 þúsund krónur. Þið ættuð nú þegar að hafa fengið tölvupóst þar sem við óskum eftir því að þið vekið athygli nemenda ykkar á sjóðnum.  
Hins vegar eru það **Menntaverðlaun Háskóla Íslands** sem verða veitt í áttunda sinn í vor við útskriftir úr framhaldsskólum landsins. Þau eru veitt framhaldsskólanemum sem sýnt hafa framúrskarandi árangur á stúdentsprófi auk þess að hafa náð eftirtektarverðum árangri á sviði lista eða íþróttta, átt mikilvægt framlag til skólfélaga eða skólans eða sýnt þrautseigju við erfiðar

aðstæður.

Við munum hafa samband við ykkur á næstu dögum og biðja ykkur að tilnefna einn nemanda frá ykkar skóla til verðlaunanna eins og undanfarin ár.

**Góðir gestir, yfirskrift þessa fundar er „Gildi námssamfélags.“** Það verður ekki of oft áréttar að við nemendur, sem upplifðu einangrun COVID faraldursins, hvers virði það er að mynda tengsl, stunda nám og eiga félagsleg samskipti í virku námssamfélagi. Við ætlum hér á eftir einkum að beina sjónum okkar að gildi námssamfélagsins og hvernig við getum eflt það með nemendum okkar, bæði í framhaldsskólanum og í Háskólanum.

Gangi ykkur vel í dag, kær kveðja.

—